

2. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2016, haldinn 31. mars 2016 í leikskólanum kl. 16:00. 10. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, Ingibjörg Bjarney Baldurdóttir verðandi leikskólastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

- 1. Starfsmannamál**
- 2. Rekstur 2015**
- 3. Tilnefning fulltrúa í starfshóp**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Starfsmannamál

Farið var yfir starfsmannamál í leikskólanum.

2. Rekstur 2015

Formaður fór yfir rekstrarniðurstöður leikskólans fyrir árið 2015. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að reksturinn kostaði sveitarfélagið 72 milljónir en niðurstaða ársins er sú að reksturinn kostaði 78,2 milljónir og er munurinn því 6,2 milljónir. Skýringin er að mestu fólgin í hækkun á launalið.

3. Tilnefning fulltrúa í starfshóp

Á síðasta fundi skólanefndar var samþykkt tillaga um að skipa starfshóp sem myndi skerpa á starfsmannahandbók leikskólans og verklagsreglum er lúta að bættu skipulagi innra starfs, starfsánægju og skyldum starfsfólks og stjórnenda.

Skólanefnd samþykkir að skipa Elsu Ingjaldsdóttur í starfshópinn.

4. Önnur mál

Skólanefnd þakkar Halldóru Halldórsdóttur fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16: 20